

Ágæti viðtakandi.

Fyrr á þessu ári fengum við undirrituð kynningu frá talsmanni Vegagerðarinnar að undirbúningur væri hafinn um breikkun Suðurlandsvegur, þjóðvegur nr. 1 frá Selfossi að Þjórsá.

Undirrituð eigum það sameiginlegt að eiga jarðir sem liggja beggja vegna þjóðvegur nr. 1 og/eða búa þétt við núverandi vegstæði.

Bréfkorn þetta er ritað til að koma skilaboðum beint og án milliliða til stjórnenda Vegagerðarinnar.

Áhyggjur okkar snúast að því að fyrirhuguð framkvæmd mun hafa allveruleg áhrif á möguleika að stunda búskap á neðangreindum jörðum ef hugmyndir þær sem kynntar voru fyrir okkur verða að veruleika.

Eins og við skiljum þetta snúast hugmyndir Vegagerðarinnar um að fækka afleggjurum að þjóðvegi nr. 1. Þar með verða til hliðarvegir sem mikið landbúnaðarland fer undir. Vandséð er, miðað við þessar hugmyndir hvernig bændur eiga að komast að landi sínu sem liggur hinumegin þjóðvegur.

Það er óhætt að segja að hundruði ferða séu að þvera þjóðveginn ár hvert. Bændur þurfa að komast yfir veginn til að erja landið sem um ræðir. Við erum að tala um að dreyfa skít yfir vetur, koma tilbúnum áburði á landið, bera hann á, slá túnin, snúa heynu, raka saman, binda heyið, og koma því heim. Einnig er kornrækt stunduð á þessu svæði.

Áhyggjur okkar beinast einnig að umferðaröryggi vegna vinnuvéla sem yrðu hluti af umferðinni allan ársins hring ef núverandi hugmyndir verða fyrir valinu. Verulegur fjöldi dráttarvéla og vinnuvéla fer um veginn allan ársins hring en mest yfir sumartímann. Vélaverkstæði og vélaumboð eru á Selfossi sem kallar á dráttarvélaumferð víða að. Virk landbúnaðarstarfsemi er hér í sveitarfélaginu og sameign véla mikil sem kallar á verulega umferð dráttarvéla úr sveitarfélaginu. Þegar vegur er orðinn 2+1 þá er framúrakstur ómögulegur á einfaldri akrein. Væntanlega verður einföld akrein u.þ.b. 7 km af þeim u.þ.b. 14 km kafla sem taka á fyrir, aðra leiðina. Svo verður einni u.þ.b. 7 km kafla í hina áttina sem ekki verður hægt að taka fram úr dráttarvélum. Slíkt hægir verulega á umferðarlæði. Miðað við reynslu undirritaðra þá skapar akstur dráttarvéla mikla fíkn annarra ökumanna að komast framúr og skapar það oft og tíðum verulega hættu á veginum. Hægt er að ímynda sér hvernig ástandið yrði þegar ein akrein með vegriðum til aðgreiningar akstursátta hamlar framúrakstri.

Áhyggjur okkar snúast að möguleikum okkar að halda áfram búskap á jörðunum ef þessar hugmyndir verða að veruleika. Svo og verðfellingu þessara sömu jarða þar sem notagildi þeirra augljóslega rýrnar.

Hvernig á að leysa það að koma búpeningi í gresjur hinum megin vegar því ljóst má vera að ekki er hægt að reka búfé yfir veg þar sem er vegrið og safnvegir beggja vegna.

Hverjar eru hugmyndir Vegagerðarinnar um undirgöng? Verða ofangreindir afmarkar leystir með því að setja undirgöng fyrir búfé og vélaumferð?

Viljum við undirrituð óska eftir að Vegagerðin kanni hvort annað vegstæði sé möguleiki, út frá landháttum og kostnaði, við erum að tala um veg sem myndi liggja ofar í landinu. Núverandi vegur hefði þá hlutverk „sveitarveg“ þar sem stofnbrautin lægi annars staðar.

Með vinsemd og virðingu.

Gjört í Flóahreppi þ. 28. október 2025

Veronika Narfadóttir, Túni
Bjarni Stefánsson, Túni
Ellen Bergan, Skeggjastöðum
Skeggi Gunnarsson, Skeggjastöðum
Svanhvít Hermannsdóttir, Lambastöðum
Almar Sigurðsson, Lambastöðum
Þórunn Sigurðardóttir, Kjartansstöðum
Axel Kjartan Baldursson, Kjartansstöðum

Afrit af bréfi þessu er sent á Sveitarstjórn Flóahrepps